



Varðar: Borgarlína, lota 1. Ártúnshöfði - Hamraborg. Umhverfismatsskýrsla. Umsagnarbeiðni.

Lögð fram umsagnarbeiðni Skipulagsstofnunar, dags. 14. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa um umhverfismatsskýrslu vegna 1. lotu Borgarlínu frá Ártúnshöfða í Reykjavík að Hamraborg í Kópavogi.

Um er að ræða áform Vegagerðarinnar í samvinnu við Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ. Framkvæmdin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Athugasemdafrestur er til og með 25.01.2025.

Framkvæmdalýsing

Verkefninu er skipt niður í sex lotur sem unnið verður að á næstu árum. Umhverfismatið nær aðeins til fyrstu lotu Borgarlínunnar, sem jafnframt er stærsta lotan. Fyrsta lota Borgarlínunnar er um 15 km löng og liggur milli Ártúnshöfða í Reykjavík og Hamraborgar í Kópavogi.

Framkvæmdin felur í sér að útbúa rými fyrir borgarlínuvagna á þessari leið, helst sérrými, en einnig rými fyrir aðra virka ferðamáta (gangandi og hjólandi). Að auki verða útbúnar nýjar stöðvar á völdum stöðum. Samkvæmt frumdrögum er gert ráð fyrir 26 stöðvum, en það kann að breytast á næstu hönnunarstigum.

Framkvæmdin felur í sér:

- að móta sérrými fyrir Borgarlínuna, leggja göngu- og hjólastíga.
- tryggja öryggi allra vegfarenda.
- breyta akreinum fyrir bílaumferð.
- Móta blandaðar lausnir á þeim stöðum sem ekki verður unnt að mæta hönnunarforsendum og Borgarlínan verður í blönduðu rými.
- byggja upp stöðvar.

Umsögn

Ekki er gerð athugasemd við fyrirliggjandi matsskýrslu sem er í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 og gildandi svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið. Um er að ræða mikilvæga innviðauppgjöngu í tengslum við bætt almenningssamgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Í matsskýrslunni er fjallað um forsendur og valkosti og þá er gerð grein fyrir helstu umhverfispáttum sem geta orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og þar tilgreindir

helstu áhrifaþættir. Telur Reykjavíkurborg þá umfjöllun fullnægjandi og færir skýrslan skýr rök fyrir þeim áhrifum sem kunna að verða innan áhrifasvæðis 1. lotu Borgarlínu. Mikilvægt er að mótvægisáðgerðum verði framfylgt í hvívetna.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur SFFÍ og verkefnastjóri.